

# Snjóber 'Svanhvít'

## Symphoricarpos albus 'Svanhvít'

Ætt: Geitblasætt – Caprifoliaceae

**Skuggþolinn runni með áberandi hvítum berjum.**



**Lýsing:** Lágvaxin til meðalhár fingerður runni sem dreifist lítillega með rótarskotum. **Blöð** eru fínleg, sporbaugótt til breiðeggla, heilrennd en geta verið óreglulega bugtennt eða sepótt á kraftmiklum árssprotum og rótarskotum. **Haustlitir** gulir, en blöð frjósa oft græn í haustfrostum. **Blómstrar** um miðjan júlí hvítum til bleikfjólubláum blómum sem sitja mörg saman í klasa. Þroskar mikið af hvítum eða ögn bleikmenguðum aldinum sem haldast á runnanum fram í janúar. Berin eru lítillega eitruð. 'Svanhvít' er blóm- og berjasælasta snjóber í safni Yndisgróðurs, verður ekki eins há og hefur mun þéttara vaxtarlag en önnur yrki sem eru í notkun hérlendis. Verður um 1 - 1,5 m hár og álíka breiður. Meðalhæð eftir 5 ár er tæplega 1 m við góðar aðstæður (í yndisgarðinum á Reykjum).

**Uppruni:** Fræplanta af plöntum frá Ási í Noregi sem eiga uppruna sinn að rekja til villtra plantna við Francois Lake í Bresku Kólumbíu, 800 m.y.s. Yrkinu var gefið nafnið 'Svanhvít' árið 2007 eftir fyrrverandi starfsmanni Ræktunarstöðvar Reykjavíkurborgar, Svanhvíti Konráðsdóttur.



Snjóber 'Svanhvít' í yndisgarðinum á Reykjum sumarið 2014, gróðursett 2008.



Lítill hvít eða bleikfjólublá blóm sem sitja mörg saman í klasa prýða snjóber frá miðjum júlí og fram í ágúst.



Hvít eða bleikmenguð ber eru til mikillar prýði langt fram á vetur.



Snjóber 'Svanhvít' í Yndisgarðinum á Blönduósi, í júlí 2015, gróðursett 2009.

**Notkun:** Einn besti runni sem völ er á í skugga undir trjám og byggingum. Hentar vel ein sér eða með stórvaxnari runnum til að loka jaðri beða, sérstaklega skuggamegin. Myndar nokkuð af rótarskotum. Er prýddur hvítum berjum í klösum sem geta staðið á runnunum langt fram eftir vetri. Lítillega eitruð og ætti því ekki að nota við leiksvæði barna. Bil milli plantna ætti að vera 0,8-1,2 m.

**Ræktun og harðgeri:** Harðger og duglegur runni í skjóli en kemur seint og illa til í óskýldum görðum og á berangri. Þolir illa norðanveður að sumarlagi. Þrífst best í vel framræstum frjósömum jarðvegi en síður í blautum og súrefnislitlum. Er skógarbotns-tegund og þrífst vel í léttum skugga. Reynslan sýnir að Snjóber 'Svanhvít' er harðger í öllum klónasöfnum Yndisgróðurs og ætti því að þrífast vel á svæði A, B og C.

**Umhirða:** Umhirða snjóbers er einföld, mestu skiptir að atlæti sé gott í upphafi og runninn þorni ekki, sérstaklega fyrst eftir gróðursetningu. Þétt og lágt vaxtarlag 'Svanhvítar' kallar ekki á klippingu enda rýrir það vaxtarlag hennar og kemur niður á blómgun. Þolir þó klippingu og má endurnýja með því að klippa alveg niður.

**Óþrif og skaðvaldar:** Ekki hefur borið á neinum tilfinnanlegum skemmdum af völdum skordýra eða sveppasjúkdóma.

**Fjölgun:** Snjóberi er fjölgað með sumar-græðlingum.

Formleg yrkislýsing var gefin út árið 2015, í riti Lbhí nr. 58.



*Snjóber 'Svanhvít' blómstrar í júlí og þroskar mikið af berjum sem prýða runnann jafnvel fram í janúar.*



*Snjóber ber nafn með rentu þar sem hvítu berin haldast langt fram á vetur þegar laufin eru fallin.*